

Chop Chop:

En tapper jordbos berättelse

Höfundur texta og mynda: Linda Bondestam (Finnlandi)
Förlaget 2024

Tilnefnd til barna- og unglingabókaverðlauna Norðurlandaráðs 2025

Söguþráður: Í þessari bók kynnumst við glöðu vélmenni, Chop Chop, í nálægri framtíð árið 2032 og aftur eftir rúm hundrað ár: 2142. Chop Chop er á sífelldum þönum og leggur sig fram um að hjálpa fólki þegar það vinnur störf sín. En fólkið kærir sig ekki alltaf um hjálp vélmennisins.

Hvernig er heimurinn? Hvernig líður manneskjunum og vélmennunum, hvernig kemur þeim saman?

Efnisorð: stríð, tilfinningar, tilvera, líf, þróun, loftslagsbreytingar


Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Lítið á fyrstu gulu opnuna á blaðsíðum 1-2, skoðaðu myndirnar með barninu. Haltu á barninu eins og haldið er á Chop Chop og segðu „halló, halló“. Hreyfið ykkur og gefið frá ykkur hljóð eins og vélmenni. Segið söguna með myndunum án þess að lesa textann.

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðið fyrstu gulu opnuna á blaðsíðum 1-2, hver er að segja hæ við ykkur? Um hvað haldið þið að bókin sé?
2. Talið um hvað Chop Chop í sögunni kann að gera. Hvað gætuð þið gert og hvað væruð þið sterk ef þið væruð vélmenni?
3. Safnið saman alls konar dóti, til dæmis pappa og skrúfum, búið til vélmenni og gefið þeim nafn. Ræðið það sem vélmennin vinna við, hvar þau eiga heima og hvað þeim finnst gaman að gera.



BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðið opnuna með öllu fólkinu á götunni á blaðsíðum 23-24 og veltið fyrir ykkur því sem er að gerast? Hvernig tilfinningar eru hér á ferðinni? Er eitthvað þarna sem þið kannist við? Hvað finnst ykkur gott? Hvað finnst ykkur leiðinlegt?
2. Chop Chop vinnur alls konar störf í bókinni. Hvaða starf í bókinni mynduð þið helst vilja prófa, eigið þið kannski eitthvert annað draumastarf? Veljið ykkur starf og leikið þau hvert fyrir annað.
3. Í bókinni kemur Chop Chop í staðinn fyrir fullt af fólki, veltið fyrir ykkur hvernig það væri ef einhver kæmi í ykkar stað eða ykkur væri hafnað. Hvernig líður fólkinu sem vinnur í verksmiðjunni og yfirmanninum þegar fólkið missir vinnuna. Hvað eiga þau nú að gera?
4. Teiknið leiðbeiningar fyrir vélmenni og skrifið hvað það á að gera, hvað það á að geta og hvað það á að hafa mikla krafta. Fáði hugmyndir í opnunni fremst í bókinni þar sem stendur: „Allt byrjaði á rásaspjaldi.“

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Lesið bókina og athugið hvernig ykkur líður, skrifið niður allar tilfinningar sem vakna við lestur bókarinnar. Hvers vegna haldið þið að ykkur líði svona?
2. Þegar Chop Chop vaknar aleinn á blaðsíðu 63 saknar hann fólksins. Hvernig er að vera einmana, þekkið þið einhvern sem er einmana? Hvað getum við gert til að hjálpa fólki sem er einmana?

3. Skoðið opnuna á blaðsíðum 37-38, hvers vegna er þau öll svona reið? Hvernig líður Chop Chop? Er eitthvað í skólanum sem ykkur langar til að berjast fyrir eða breyta? Búið til veggspjald um það sem þið viljið berjast fyrir.

4. Frá blaðsíðu 41 í bókinni er mikið um stríð og það sem er kallað stóra sprengjan, hvað er það? Hvers vegna haldið þið að stríð brjótist út?

5. Kynnið ykkur hvernig Sameinuðu þjóðirnar vinna að friði eða hvernig Rauði krossinn veitir neyðaraðstoð. Er eitthvað sem þú getur gert?

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Oravien sota. Höfundur texta: Riina Katajavuori. Höfundur mynda: Martin Baltscheit

Det som finnes og det som er borte. Höfundur texta og mynda: Kaia Dahle Nyhus

Mitt bottenliv: av en ensam axolotl. Höfundur texta og mynda: Linda Bondestam

MÁLAMOLI

"Vélmenni"

sænska

Robot

danska

Robot

norska

Robot

íslenska

Vélmenni

færeyska

Tólmenni

grænlenka

Robotti

finnska

Robotti

norðursamíska

Robohtta

